

Umsókn um fornmerki











Aldur ökutækis: _____ (fyrsta skráning, framleiðsluár eða árgerð)

Nafn: _____ Kennitala: _____

Heimili: _____ Sími/Vinnusími: _____

Heimild til fornmerkja

Fornmerki mega vera á bifreiðum, bifhjólum og dráttarvélum sem eru eða verða 25 ára á almanaksárinu og eldri, sem teljast vera safngripir og sem ekki eru ætluð til almennrar notkunar. Ökutæki mega þó aðeins bera fornmerki ef þau uppfylla skilyrði um fornökutæki og eru skráðar í notkunarflokkinn "fornbifreið". **Gerð fornmerkja skal vera í samræmi við aldur ökutækis. Sjá nánari leiðbeiningar á bakhlið.**

Gerðir fornmerkja		
<input type="checkbox"/> Bifreið Árgerð 1937 og eldra  	<input type="checkbox"/> Bifreið Árgerð 1938 - 1949 	<input type="checkbox"/> Bifreið Árgerð 1950 - 1988(a.m.k. 25 ára) 
<input type="checkbox"/> Létt bifhjól Skráð fyrir 30. júní 1970 	<input type="checkbox"/> Létt bifhjól Skráð 1. júlí 1970 - 18. feb 1976 	<input type="checkbox"/> Létt bifhjól Skráð 19. feb 1976 og seinna(a.m.k. 25 ára) 
<input type="checkbox"/> Pungt bifhjól Árgerð 1949 og eldra 	<input type="checkbox"/> Pungt bifhjól Árgerð 1950 og yngra 	<input type="checkbox"/> Dráttarvél (a.m.k. 25 ára) 

Áletrun fornmerkis má aldrei vera tveir bókstafir og þrír tölustafir, eða þrír bókstafir og tveir tölustafir (eins og fastanúmer).

Umsókn um skráningu á fornökutæki:

Ég undirritaður óska eftir því að ökutækið verði skráð sem fornökutæki og lýsi því yfir að það uppfylli skilyrði um fornökutæki. Fornökutæki er ökutæki sem ekki er ætlað til almennrar notkunar og telst vera safngripur og er eða verður að minnsta kosti 25 ára gamalt á almanaksárinu.

Framleiðsla og samþykki fornmerkja

Rétthafi lætur sjálfur framleiða fornmerkinn, en áður en heimilt er að setja þau á ökutæki verður að samþykkja þau hjá Umferðarstofu.

Áletrun fornmerkisins

Merkið sendist á skoðunarstöð, vinsamlegast tilgreinið hvaða skoðunarstöð og hvar

Ég undirritaður hef kynnt mér þær reglur er gilda um fornmerki og fornökutæki og staðfesti það að ofangreint ökutæki uppfyllir skilyrði þess að bera fornmerki.

Dagsetning

Undirskrift umsækjanda

Móttökustaðfesting Umferðarstofu (eða umboðsaðila)

Almennar upplýsingar um notkun fornmerkja

Heimild til notkunar fornmerkja: Fornmerki mega vera á bifreiðum, þungum bifhjólum og dráttarvélum sem eru eða verða 25 ára á almanaksárinu og eldri. Bifreiðar mega þó aðeins bera fornmerki ef þær uppfylla skilyrði um fornþvöð og eru skráðar í notkunarflokkinn "fornþvöð".

Notkunarflokkurinn fornþvöð: Þvöð sem ekki er ætluð til almennrar notkunar og telst vera safngripur og er eða verður að minnsta kosti 25 ára á almanaksárinu.

Almennum merkjum skilað inn: Þegar fornmerki eru afhent á ökutæki skal skila inn almennum merkjum ökutækisins og er þeim fargað.

Réttur til áletrunar: Umferðarstofa úthlutar áletrun á fornmerki. Við úthlutun þeirra er farið eftir röð, þannig að sá sem fyrst sækir um áletrun hlýtur réttinn til að nota hana. Áletrun sem er í notkun er ekki úthlutað. Áletrun fornmerkis má aldrei vera tveir bókstafir og þrjú tölustafir, eða þrjú bókstafir og tveir tölustafir (eins og fastanúmer).

Gerð og útlit fornmerkja: Fornmerki skal vera í samræmi við þær reglur er giltu um hinar eldri gerðir fornmerkja. Hér að neðan er lýsing á gerð fornmerkis eftir árgerð ökutækja.

Árgerð 1937 og eldra: Litur: Hvítt letur á svörtum grunni eða svart letur á hvítum grunni. Stærðir: Hæð 120 mm og lengd eftir fjölda stafa.

Árgerð 1938 - 1949: Merkin skulu vera réttþyrnd, aflöng spjöld, úr 2 mm þykku járn, 112 mm á hæð og lengd eftir fjölda stafa. Stafir skulu vera hvítir, málaðir eða glerjaðir með steinskript á svartan málaðan eða gleraðan grunn og stærð stafa skal vera þessi: hæð 80 mm, breidd 50 mm og breidd strika 15 mm. Framan við tölurnar skal mála einkennisbókstaf lögsagnarumdæmis og skal vera strik á milli bókstafs og tölustafa sem er 22 mm langt og 12 mm breitt. Bil milli stafa skal vera að minnsta kosti 10 mm.

Árgerð 1950 - 1988 (amk. 25 ára): Merkin skulu vera réttþyrnd, aflöng spjöld, 130 mm á hæð. Stafir skulu vera með steinskript, þrykktir í spjaldað. Rönd skal vera á brúnum, 5 mm breidd, þrykkt á sama hátt. Stafirnir og röndin skulu vera fægð og bera sama lit málsins, en grunnur með svartri, gljálusri málningu. Stafir skulu vera 90 mm á hæð, 55 mm á breidd og breidd stafleggja 15 mm. Bil milli tölustafa skal vera 10 mm, en bil milli bókstafs og tölustafa 30 mm. Á stafi og rönd skráningarmerkis er heimilt að setja hvítt glitefni af gerð sem Umferðarstofa viðurkennir.

Létt bifhjól skráð fyrir 30. júní 1970: Merki af þessari gerð skulu vera réttþyrnd, aflöng spjöld, með rauðum stöfum á hvítum grunni. Hæð stafa skal vera 40 mm. Framan við tölurnar skal vera einkennisbókstafur lögsagnarumdæmis.

Létt bifhjól skráð frá 1. júlí 1970 til 18. febrúar 1976: Merki af þessari gerð skulu vera réttþyrnd, aflöng spjöld, með rauðum stöfum á hvítum grunni. Hæð stafa skal vera 45 mm. Framan við tölurnar skal vera einkennisbókstafur lögsagnarumdæmis.

Létt bifhjól skráð frá 19. febrúar 1976 og seinna (en þó 25 ára): Merki af þessari gerð skulu vera réttþyrnd, aflöng spjöld, 70 mm á hæð og með hvítum, glituðum stöfum á rauðum grunni. Stafir skulu vera með steinskript, þrykktir í spjaldað og 45 mm á hæð. Framan við tölurnar skal vera einkennisbókstafur lögsagnarumdæmis.

Þungt bifhjól að árgerð 1949 og eldra: Merki af þessari gerð skulu vera réttþyrnd, aflöng spjöld, úr 2 mm þykku járn, 90 mm á hæð og lengd eftir fjölda stafa. Stafir skulu vera hvítir, málaðir eða glerjaðir, með steinskript á svartan málaðan eða gleraðan grunn. Stærð stafa skal vera þessi: hæð 65 mm, breidd 40 mm og breidd stafleggja 12 mm. Framan við tölurnar skal mála einkennisbókstaf lögsagnarumdæmis og skal vera strik á milli bókstafs og tölustafa sem er 18 mm langt og 10 mm breitt. Bil milli stafa skal vera að minnsta kosti 8 mm.

Þungt bifhjól að árgerð 1950 og yngri (en þó 25 ára): Merki af þessari gerð skulu vera réttþyrnd, aflöng spjöld, 70 mm á hæð og lengd eftir fjölda stafa. Stafir skulu vera hvítir, með steinskript á svartan grunn. Stærð stafa skal vera þessi: hæð 50 mm, breidd 30 mm og breidd stafleggja 8 mm. Framan við tölurnar skal vera einkennisbókstafur lögsagnarumdæmis. Bil milli stafa skal vera að minnsta kosti 8 mm.

Dráttarvél (25 ára): Merki af þessari gerð skulu vera réttþyrnd, aflöng spjöld, 70 mm á hæð og lengd eftir fjölda stafa. Stafir skulu vera rauðir, með steinskript á hvítan grunn. Stærð stafa skal vera þessi: hæð 50 mm, breidd 30 mm og breidd stafleggja 8 mm. Framan við tölurnar skal vera einkennisbókstafur lögsagnarumdæmis og bókstafurinn d. Stærð bókstafsins d skal vera: hæð 27 mm, breidd 16 mm og breidd stafleggja 5 mm.

Framleiðsla og samþykki fornmerkja: Réttþafi lætur sjálfur framleiða fornmerkin. Áður en heimilt er að afhenda fornmerki á ökutæki verður að framvísa þeim hjá Umferðarstofu þar sem metið er hvort merkin uppfylla settar kröfur. Ef merkin uppfylla kröfur um gerð fornmerkja eru þau skráð á ökutæki. Merkin eru einungis afhent á skodunarstofu.

Gjald fyrir skráningu á fornmerki: Gjald fyrir réttindaskráningu á fornmerki er kr. 500. Þegar fornmerki eru afhent á þvöð er innheimt gjald kr. 500 og prentað út nýtt skráningarskrifteini. Ef ökutæki fer aftur á almenn merki er innheimt gjald kr. 500 við afhendingu almennu merkjanna.